

## Um framtíð landsaðgangs að tímaritum frá Blackwell, Elsevier, Karger, Kluwer og Springer

### *Hvað er landsaðgangur að gagnasöfnum og rafrænum tímaritum?*

Landsaðgangur að rafrænum gögnum skiptist að meginhluta í tvennt: Áskriftir að gagnasöfnum, sem kostuðu 25 milljónir króna og rafrænar áskriftir að tímaritum (greinasöfnum), sem kostuðu 54 milljónir króna árið 2004.

#### *Áskriftir að gagnasöfnum:*

Britannica Online  
GROVE Art  
GROVE Music & Opera  
Myndað Morgunblað 20. aldar  
Greinasafn Morgunblaðsins (-3 ár)

Learning Literature  
ProQuest Literature Online  
ProQuest 5000  
Web of Science

#### *Áskriftir að tímaritasöfnum:*

Blackwell Synergy (694 titlar)  
Elsevier ScienceDirect (1582 titlar)  
Karger (82 titlar)  
Kluwer Online (689 titlar)  
Springer Link (484 titlar)

### *Hverjir greiða fyrir þennan aðgang?*

Framlag af föstum fjárlögum hefur numið 20 milljónum undanfarin ár. Meirihluti þess fjár hefur runnið til að greiðslu áskrifta en einnig til rekstrar þjónustunnar. Bókasöfn, sveitarfélög, skólar, rannsóknafyrirtæki og stofnanir, alls rúmlega 200 aðilar, greiða fyrir aðgang að gagnasöfnum.

34 bókasöfn greiða fyrir allan tímaritaaðganginn þegar þetta er skrifað. Þau bókasöfn sem höfðu prentáskriftir árið 2000 hafa greitt fullt verð þeirra í landsaðgangi. Þannig hefur allt landið haft aðgang að rafrænni áskrift sem þessi söfn greiða. Sú upphæð nam 42 milljónum árið 2004. Með samningum á árunum 2000-2001 bættist við aðgangur að fjölda tímarita frá þessum útgefendum og titlafjöldi tífaldaðist. Fyrir þessar viðbótaráskriftir hafa sömu söfn greitt í hlutfalli við framlag sitt til grunnáskrifta. Þannig hefur öll viðbót lent af fullum þunga á þessum sömu 34 aðilum. Viðbótaráskriftir kostuðu 12 milljónir á árinu 2004.

Síðan árið 2000 hefur margt breyst. Stofnanir hafa tekið breytingum, komið hefur í ljós að notkun er mikil utan stofnananna og mikil notkun hefur einnig orðið á tímaritum sem bættust við í áskrift þegar rafrænn aðgangur komst á.

### *Hvað fær fólk fyrir þessar greiðslur?*

Aðgangur hefur verið greiddur fyrir alla sem tengjast nettengdri tölvu á Íslandi gegnum íslenska netveitu, allt árið um kring. Í flestum löndum í kringum okkur er slíkur aðgangur bundinn við háskóla- og rannsóknastofnanir. **666.400** leitir voru gerðar í gagna- og greinasöfnunum sem eru í áskrift á árinu 2003 og sóttu notendur þar **399.312** greinar í fullri lengd. Til samanburðar má geta þess að útlán í Landsbókasafni voru **88.257** á árinu 2003. (Hér er ekki verið að halda fram að um sambærilegan hlut sé að ræða, einungis verið að gefa mynd af umfangi starfseminnar). Notkunartölur 2004 benda til yfir 20% aukningar milli ára.

## ***Hvaða breytingar eru í farvatninu?***

Þrátt fyrir að geysimikil notkun sé á rafrænum gögnum í landsaðgangi sú notkun aukist hratt, þrátt fyrir að mikil notkun hafi orðið á þeim tímaritum sem bættust við í aðgangi, þrátt fyrir að landsmenn hafi nýtt sér það augljósa hagræði að vera hvorki bundnir stund né stað til að nálgast þessi gögn, þá er mikil óánægja meðal stjórnenda nokkurra bókasafna með greiðslur til aðgangsins.

Flest bendir nú til að erfitt verði að halda áfram landsáskrift að rafrænum tímaritum frá Blackwell, Elsevier, Karger, Kluwer og Springer. Þessi tímarit eru mikilvæg fyrir allt rannsóknasamfélagið, heilbrigðisstofnanir, sprotafyrirtæki og skólastofnanir. Þau nýtast fyrst og fremst sérfræðingum á hverju sviði, fólki sem þegar er komið með háskólagráðu í sínu fagi. Þessi áskrift hefur verið greidd að meginhluta af bókasöfnum rannsókn- og heilbrigðisstofnana. Unnið hefur verið að því að fá inn greiðslur frá rannsóknafyrirtækjum, öðrum fyrirtækjum, samtökum og stofnunum. Þegar hefur nokkuð áunnist og því starfi verður haldið áfram.

Í ár hafa stjórnendur bókasafns Landspítala – háskólasjúkrahúss lýst vilja sínum að hætta þátttöku í þessum áskriftum. Safnið hefur reyndar þegar hætt að taka þátt í landsaðgangi að tímaritum Elsevier og hafði forystu um myndun samlags heilbrigðissafna um þær áskriftir. Í lok þessa árs verða samningar lausir við Karger og Blackwell, og á næsta ári við Kluwer og Springer. Ef fótunum er kippt undan framlögum með því að einn helsti greiðandinn hverfi á brott eru forsendur fyrir því að halda þessum samningum áfram orðnar hverfandi.

Ef landsaðgangur að tímaritasöfnum hverfur hefur það í för með sér að:

- *Kostnaður mun aukast fyrir landið í heild. Þetta er þegar staðreynd hvað varðar tímarit frá Elsevier. Kostnaður er greiddur að 95% af opinberum stofnunum, þannig að þetta hefur í för með sér aukin opinber fjárútlát.*
- *Aukinn kostnaður við umsjólu mun ekki skila sér í minna umstangi sérfræðinga, heldur munu þeir þvert á móti þurfa að hafa meira fyrir að ná í hverja grein.*
- *Örfá söfn í landinu geta gert með sér samlög um áskriftir frá þessum útgefendum eða keypt áskriftir innan einstakra safna.*
- *Ef sparnaður á að nást innan hvernar stofnunar verður það að gerast með stórminnkendum aðgangi sérfræðinga að þessum gögnum.*
- *Aðgangur sérfræðinga innan þeirra stofnana breytist þannig að þeir hafa aðgang aðeins innan sinnar stofnunar á vinnutíma eða að komið verður upp kerfi til að þeir hafi einnig aðgang utan hennar. Í dag eru slík kerfi fjár- og mannfrek.*
- *Aðgangur sérfræðinga utan þeirra stofnana verður hjóm eitt. Stofnanir þar sem ekki er bókasafnsfræðingur eða annar starfsmaður sem getur útvegað gögn verður nær enginn.*
- *Aðgangur sprotafyrirtækja verður nær enginn.*

Í dag er staðan sú að sérfræðingar eru tiltölulega sjálfbjarga í að útvega sér greinar frá þessum útgefendum. Ef aðgangurinn verður með öðru móti eykst sá tími til muna sem þeir þurfa að eyða til að ná í greinar að jafnaði.

### Önnur greiðslulíkön

Í tvö ár hefur verið rætt um að finna önnur greiðslulíkön heldur en nú eru notuð. Þannig hefur verið stungið upp á að nota notkunartölur til grundvallar greiðslum eins og gert er í samlögum nágrannalandanna. Greiðslur geta verið eftir notkun eða með blönduðu líkani af notkun og fjölda starfsmanna í hverri stofnun, svo dæmi sé tekið. Í landssamlagi er þessu háttað á annan veg.

Ekki hefur verið hægt að fá notkunartölur greindar niður eftir stofnunum hjá tímarita-útgefendunum heldur einungis eftir netveitum (Síminn Internet, OG Vodafone og svo framvegis) sem eru nú þegar þetta er skrifað. Elsevier hefur greint niður notkun eftir stofnunum innan RH-nets. Eins og sést hér að neðan er meirihluti notkunar utan RH-nets, jafnvel í sértækustu greinasöfnunum. Mikil notkun er hjá einstaklingum. Þó hægt væri að fá nákvæmari skilgreiningar en einungis eftir netveitum er ekki gerlegt fyrir einn starfsmann að fylgjast með notkunartölum fyrir hvert fyrirtæki og stofnun í landinu.

### Hvernig hefur notkun breyst?

Af **195.727** greinum sem sóttar voru í *ProQuest 5000* á árinu 2003 voru **101.576** eða **51,9%** greina þaðan sóttar utan skilgreindra rannsókn- og háskólastofnana gegnum almennar netveitur. Sú notkun er öll heimanotkun, notkun í fyrirtækjum sem tengjast í gegnum þessar netveitur eða önnur almenn notkun. Greinar úr safninu *ScienceDirect* frá Elsevier nýtast yfirleitt ekki nema háskólamenntuðu fólki. Af **109.482** greinum sem voru sóttar þar á árinu 2003 voru **38.3%** gegnum almennar netveitur. Það hlutfall stendur fyrir alla notkun utan Íslenskrar erfðagreiningar, rannsókn- og háskólastofnana. Á sama hátt voru 24,2% greina úr Karger á fyrri hluta árs 2004 sóttar innan veggja Landspítala, 10,2% sóttar frá öðrum aðilum innan Rannsókn- og háskólanets (RH-nets) en full **65,6%** utan þess.

Tímarit frá Elsevier og sérstaklega Karger eru þess eðlis að fróðleiksfús almenningur les ekki greinar þar. Þær eru of sérfræðilegar til þess. **Þessi rit nýtast ekki nema þeim sem hafa þegar lokið háskólanámi í viðkomandi sérfræðigreini.** Það er ljóst að þessi notkun utan rannsókn- og háskólastofnana eru að yfirgnæfandi hluta sérfræðingar að nálgast greinar í starfsstöðvum utan stofnanna og heima hjá sér. Þetta er það sem landsaðgangur hefur fram yfir samlög í nálægum löndum því notandi er hvorki bundinn stund né stað. Þrátt fyrir þennan ávinning hafa stofnanir reynt að nota þessar breytingar sem röksemd fyrir að þær eigi að greiða minna eða aðeins fyrir melda notkun innan stofnunar. Það samræmist ekki eðli landsaðgangs.

Mikil notkun er á þeim titlum sem bættust við eftir 2000. Úttekt á notkun tímarita á árinu 2003, eftir því hvort titlar hefðu verið í áskrift árið 2000 í íslenskum bókasöfnum eða ekki, leiddi þetta í ljós:

Notkun 2003	Í áskrift 2000	Ekki í áskrift 2000
Blackwell	59,4%	40,6%
Karger	19,9%	80,1%
Kluwer	23,3%	76,7%
Springer	41,5%	58,5%

### *Séráskriftir utan landsaðgangs og önnur samlög um rafrænar áskriftir*

Nokkrar stofnanir hafa valið að bæta við þann aðgang sem allt landið hefur með séráskriftum, annað hvort einar og sér eða í samlagi með öðrum. Rafrænar séráskriftir eru flestar innan Háskóla Íslands og Landspítala – Háskólasjúkrahúss. Einnig eru Háskólinn á Akureyri, Háskólinn í Reykjavík og Íslensk erfðagreining með séráskriftir svo dæmi séu nefnd. Nokkur áskriftarsamlög að rafrænum gagnasöfnum starfa í landinu. Þeirra stærst er samlag heilbrigðisbókasafna að tímaritum Elsevier á heilbrigðissviði.

### *Landsaðgangur - landssamlag*

Landssamlagið er rekið með lítilli yfirbyggingu, einum föstum starfsmanni, og getur litla þjónustu veitt umfram aðgang að nokkrum stórum samningum. Það er Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn sem rekur þjónustuna samkvæmt samningi við menntamálaráðuneyti.

### *Áskrift að tímariti á pappír sem er í landsaðgangi*

Mörg bókasöfn hafa viljað halda áfram að kaupa tímarit á prentuðu formi samhliða rafrænni áskrift sem nú er fasta áskriftin. Það er óhjákvæmilegt að einhver kostnaðarauki verði með því fyrirkomulagi. Elsevier, Kluwer og Springer hafa komið til móts við þá sem þetta vilja með því að gefa stórafslátt ef safn kaupir þegar rafræna áskrift. Þetta þýðir að öll söfn á Íslandi geta keypt af þeim prenteintök á 10-25% af listaverði.

## **Niðurstaða**

Almennur aðgangur að gagna- og greinasöfnum hefur gerbreytt aðgengi landsmanna að upplýsingum. Tiltölulega fáar stofnanir hafa borið meginþunga kostnaðarauka sem hlaut af auknum aðgangi. Mikil notkun er utan þeirra. Nauðsynlegt er að fleiri taki þátt í þessum kostnaði með hóflegu framlagi.

Um leið er alger nauðsyn að þeir máttarstólpar sem eru bókasöfn helstu rannsóknarstofnana í landinu haldi áfram þessari áskrift. Ef einn eða fleiri þeirra falla brott stendur samstarfið afar völtum fótum. Landið í heild og þá sérstaklega þau fyrirtæki og stofnanir sem ekki hafa yfir bókasfni að ráða munu líða fyrir minni aðgang.

Það er skiljanlegt að stærstu greiðendur finni til þess að greiða háar fjárhæðir fyrir hönd sinna stofnana. Einhverjum þeirra mun finnast þeir of bundnir af þessum samningum og vilja skoða aðrar leiðir til að ná í upplýsingar fyrir sína umbjóðendur. Allar leiðir sem við höfum skoðað enda í öðru hvoru af tveimur kostum: Dýrari aðgangur eða snöggum minni aðgangur fyrir sérfræðingana. Landsaðgangur er sá kostur sem gefur mestan aðgang fyrir minnst fé. Rannsóknir og þróun er vaxandi geiri í efnahag landsins, milli 3 og 4% af landsframleiðslu. Þessum geira er nauðsyn á að fá gögn úr tímaritum þessara útgefenda, sama hvernig samningar eru gerðir.

18. október 2004, Sveinn Ólafsson.